

Fræði sjónmenningar - MMF06, kennari Anna Jóhannsdóttir.

Verkefni 3, miðlun

# Það er jólafjör alla helgina frá 13-17

Þegar jólin nálgast förum við á flug! Það er jólafjör í hverjum kima hjá okkur um helgina - jólasveinamyndataka, kynningar og að sjálfsögðu full verslun af fallegum vörum hvort sem þú ert að leita að lítilli gjöf eða ætlar að endurnýja á heimilinu fyrir jólin. Svo býður þín veisla á Veitingastaðnum og nýja kaffihúsinu með ljúffengum veitingum. Við hlökkum til að sjá þig!

**IKEA jóla-glöggjó er engu líkt. Prófaðu!**

Komdu og smakkaðu ómótstæðilegar, nýbakaðar smákökur

Sjáðu hvernig við skreytum piparkökuhús

Lærðu réttu handtökin við aðventukransagerðina hjá Kristjáni Inga Jónssyni blómaskreyti

Komdu í ókynpis myndatölu með jólasveinilinum

**OPNUNARTILBOD**  
**395,-**  
Belgísk vaffla með nutella og rjóma

**1.295,-**  
Háðjúrkullónun og meðlæti.  
Barnaskammtur fyrir 12 ára og yngri **495,-**

**1.395,-**  
Hangikjöt á beini og meðlæti

Verðum opin **11-21** alla daga - Veitingastaður opin 9:30-20:30 - [www.IKEA.is](http://www.IKEA.is)

*Það er jólafjör alla helgina frá 13-17 er titill þessarar auglýsingar og hann kallar á alla þá sem vilja taka aðeins forskot á sæluna og komast í tæri við hina miklu hátíð sem er skammt undan. Nóvember mánuður er þó aðeins rétt rúmlega hálfnaður og því um sex vikur til stefnu.*

Jólin nálgast og auglýsingin miðar að því að lokka viðskiptavinina til að koma og taka þá í jólafjörinu sem er í gangi í versluninni sem um ræðir. Á boðstólunum án endurgjalds eru smákökur og jólaglögg, sýnikennsla í skreytingum piparkökuhúsa og gerð adventukransa. Jólasveinninn verður á staðnum og hægt að fá ókeypis myndatök með honum. Í veitingahúsinu verður svo á boðstólunum jólamatur gegn vægu gjaldi. Já og auðvitað verður líka hægt að versla til jólanna í leiðinni: Jólaljafir, jólaskraut og hvað annað sem heimilið vantar fyrir jólin. Og á áberandi stað stendur: *Við hlökkum til að sjá þig*, rétt eins og þetta væri vinalegt heimboð frá einhverjum sem við þekkjum vel.

Orðið *jól* eru tákni sem allir þekkjja og það vísar í hugum flestra til notalegra samverustunda með fjölskyldunni. Til að þær samverustundir verði eins og til er ætlast, þá þarf að undirbúa jólin vel og vandlega í samræmi við jólahefðir og þessi auglýsing höfðar til þess.

Táknmyndin á auglýsingunni er af litlu barni með glampa af eftirvæntingu og gleði í augunum. Þessi mynd fer beint inn í hugarskot okkar og minnir okkur á þá sem við ætlum að gleðja um jólin og hún minnir okkur líka á það barn sem við einu sinni vorum og hvað við vorum spennt að bíða eftir jólnum.

„Þau lýsa fegurst er lækkar sól, í bláma heiði mín bernsku jól“ orti skáldið og lýsir svo vel hvað jólin eiga stóran sess í hugum okkar. Þegar við eldumst þá reynum við að endurskapa bernsku jólin fyrir okkur sjálf og einnig fyrir börnin okkar. Við viljum að minningar þeirra um bernsku jólin muni lýsa eins skært í þeirra hugum síðar meir og þær gera í okkar hugum. Til þess að svo megi verða erum við reiðubúin að leggja mikið á okkur við undirbúning jólanna. Þessari auglýsingu er einmitt ætlað að fá okkur til að koma í heimsókn og komast í snertingu við undirbúning jólanna og versla eitthvað í leiðinni.

Barnið á myndinni er með úfið hár, því jólin eru ekki gengin í garð ennþá en undirbúningurinn er í fullum gangi. Litirnir eru dökkir en á andlit barnsins fellur ljós sem dregur athygli okkar að eftirvæntingarfullum augum þess. Við hlið barnsins blasa við okkur ýmsar freistingar sem við könnumst öll við. Þessar kunnuglegu freistingar standa okkur til boða ef við aðeins komum í heimsókn og tókum þátt í jólafjörinu.

Auglýsingin er frekar horðvirknislega gerð. Reynt er að koma miklum upplýsingum á framfæri á eins lítið pláss og hægt er. Smámyndunum er skellt næstum því handahófskennt á myndflötinn við hlið barnsins og textinn undir myndunum er næstum viðvaningslega orðaður. Leturbreytingar eru handahófskenndar og á sumum stöðum fellur texti ofan í mynd og verður við það illæsilegur. Litavalið lokkar ekki augað.

Auglýsingin hefur yfir sér eitthvað ódýrt yfirbragð og virðist ekki vera mikið í hana lagt. En kannski er þetta viljandi gert og á að vísa til þess í hugum okkar að það sem fæst í þessari verslun sé ódýrt og á færi okkar allra að kaupa? Verslunin vill kannski segja með því að þar á bæ sé ekki eytt í dýrar auglýsingar, ekki frekar en í dýrar umbúðir utan um vörurnar þeirra. Það sem máli skipti sé að innihaldið komist óbrenslað frá verslun til viðskiptavina, hvort sem um ræðir vörur eða efni auglýsinga.

21. nóvember 2015

Sigurlaug Kristmannsdóttir